

Hagar hf.

**Árshlutareikningur samstæðunnar
31. ágúst 2006**

Hagar hf.
Skútuvogi 7
104 Reykjavík

Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	7
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2006 er í meginatriðum gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins. Hann hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess.

Tap varð af rekstri samstæðunnar á tímabilinu að fjárhæð 121 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok tímabilsins nam 6.825 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé og víkjandi lán í lok tímabilsins nam samtals 7.500 millj. kr.

Hlutafé félagsins nam 1.015 millj. kr. í lok tímabilsins. Hluthafar félagsins í lok tímabilsins eru:

	Eignarhlutur
Baugur Group hf.	72,8%
Talden Holding S.A. og Orchides Holding S.A.	27,2%

Stjórn og forstjóri Haga hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. október 2006.

Í stjórn félagsins:

Jóhannes Jónsson

Jón Ásgeir Jóhannesson

Pálmi Haraldsson

Jóhannes Kristinsson

Tinna Ólafsdóttir

Forstjóri:

Finnur Árnason

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Högum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Haga hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2006. Reikningurinn, sem er samstæðureikningur, hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstremi og skýringar nr. 1 - 25. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í áritun okkar á árshlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna félagsins og greiningu á hinum ýmsu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingar á handbæru fé í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. október 2006.

KPMG Endurskoðun hf.

Anna Þórðardóttir

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur 1. mars til 31. ágúst 2006

	Skýr.	2006	2005
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.	
Vörusala		22.241	20.036
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(16.602)</u>	<u>(15.797)</u>
Framlegð		5.639	4.239
Aðrar rekstrartekjur		17	45
Laun og launatengd gjöld		<u>(2.471)</u>	<u>(2.367)</u>
Annar rekstrarkostnaður		<u>(2.148)</u>	<u>(2.048)</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án afskrifta og fjármagnsliða		1.037	(131)
Afskriftir rekstrarfjármuna	13	<u>(418)</u>	<u>(431)</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða		619	(562)
Fjármagnsgjöld	11	<u>(766)</u>	<u>(659)</u>
Tap fyrir skatta		(147)	(1.221)
Tekjuskattur	19	<u>26</u>	<u>201</u>
Tap fyrir aflagða starfsemi		(121)	(1.020)
Aflögð starfsemi	14	<u>-</u>	<u>312</u>
Tap tímabilsins	17	<u>(121)</u>	<u>(708)</u>

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2006

Skýr. 31.8.2006 28.2.2006

Eignir

Fastafjármunir:

Óefnislegar eignir	12	9.554	8.912
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	4.269	4.048
Eignarhlutir í félögum	14	183	483
Skuldabréfalán		2.149	2.030
Tekjuskattseign	19	191	170
		16.346	15.643

Veltufjármunir:

Vörubirgðir	15	2.940	2.613
Viðskiptakröfur		845	746
Kröfur á tengd félög		472	77
Krafa vegna sölu dótturfélags		0	5.050
Aðrar skammtímakröfur		822	400
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur		2.741	2.300
Handbært fé		220	232
		8.040	11.418
	Eignir samtals	24.386	27.061

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Hlutafé	16	1.015	1.015
Yfirverðsreikningur hlutafjár		3.611	3.611
Óráðstafað eigið fé		2.199	2.320
	Eigið fé	6.825	6.946
Víkjandi lán frá Baugi Group hf.	18	675	675
	Eigið fé og víkjandi lán samtals	7.500	7.621

Langtímaskuldir:

Langtímaskuldir		1.083	1.070
Skuldabréfalán		7.843	7.413
	20	8.926	8.483

Skammtímaskuldir:

Vaxtaberandi skuldir	21	2.694	6.337
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	22	5.266	4.620
		7.960	10.957
		16.886	19.440
	Eigið fé og skuldir samtals	24.386	27.061

Skuldbindingar 24

Yfirlit um sjóðstreymi

1. mars 2006 til 31. ágúst 2006

Skýr.	2006	2005
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.

Rekstrarhreyfingar:

Tap tímabilsins	19	(121)	(708)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður		0	(61)
Afskriftir		418	606
Verðbætur og gengismunur		850	(171)
Tekjuskattur		(26)	(110)
Aðrir liðir		(30)	(38)
		<u>Veltufé frá (til) rekstrar</u>	
		<u>1.091</u>	(482)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(683)	(2.457)
		<u>Handbært fé frá (til) rekstrar</u>	
		<u>408</u>	(2.939)

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	14	(494)	(532)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		16	281
Fjárfesting í óefnislegum eignum	14	(100)	0
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé		(254)	(256)
Fjárfesting í eignarhlutum í félögum		0	(44)
Söluverð eignarhluta í félögum		0	114
Skammtímakröfur, hækkun		<u>4.668</u>	(269)
		<u>Fjárfestingarhreyfingar</u>	
		<u>3.836</u>	(706)

Fjármögnunarhreyfingar:

Tekin ný langtímalán		0	7.800
Afborganir langtímalána		(5.625)	(2.791)
Skammtímalán, breyting		<u>1.369</u>	(1.254)
		<u>Fjármögnunarhreyfingar</u>	
		<u>(4.256)</u>	3.755
 (Lækkun) hækkun á handbæru fé			
		(12)	110
 Handbært fé í byrjun tímabilsins			
		<u>232</u>	794
 Handbært fé í lok tímabilsins			
		<u>220</u>	904

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningur Haga hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðir um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfírráð eru til staðar þegar félagið hefur völd, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfi þess. Árshlutareikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yfírráð nást og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda

3. Félagið hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni er fært í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

4. Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar varan er afhent kaupanda.

Óefnislegar eignir

5. Viðskiptavild sem myndast við sameiningar eða kaup á félögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði annars vegar og hlutdeild í eigin fé félaga á kaupdegi hins vegar.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisryrnun. Viðskiptavild er tengd sjóðskapandi einingu og er ekki lengur afskrifuð línulega, en árlega er framkvæmt virðisryrnunarpróf.

Langtímakostnaður í efnahagsreikningi samanstendur af eignfærðum kostnaði við undirbúning nýrra verslana, kostnaði við breytingar á eldri verslunum, kaup á vörumerkjum og ýmsum þróunarkostnaði. Fyrirhugað er að færa kostnaðinn til gjalda á þremur til tíu árum.

Skýringar, frh.:

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Innréttigar, áhöld og flutningatæki	3-14 ár

Eignarhlutir í félögum

7. Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Birgðir

8. Vörubirgðir eru metnar til eignar á síðasta innkaupsverði eða dagverði, því sem lægra reynist.

Skammtímakröfur og verðbréf

9. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Reiknuð skattinneign

10. Reiknuð skattinneign er færð í árshlutareikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hinsvegar að teknu tilliti til yfirfærarlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2006 1.3.-31.8.	2005 1.3.-31.8.
Vaxtatekjur	305	48
Vaxtagjöld	(976)	(633)
Gengismunur	(95)	(74)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(766)</u>	<u>(659)</u>

Skýringar, frh.:

Óefnislegar eignir

12. Óefnislegar eignir greinist þannig:

	Viðskiptavild	Langtíma-kostnaður	Samtals
Óefnislegar eignir 1.3.2006	8.838	74	8.912
Yfirtekið í samstæðu	555	0	555
Viðbót á tímabilinu	100	0	100
Niðurfærsla á tímabilinu	(1)	(12)	(13)
Óefnislegar eignir 31.8.2006	9.492	62	9.554

Varanlegir rekstrarfjármunir

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Innréttigar, áhöld og Fasteignir	tæki	Samtals
Heildarverð 1.3.2006	40	8.096	8.136
Afskrifað áður	(1)	(4.087)	(4.088)
Bókfært verð 1.3.2006	39	4.009	4.048
Yfirtekið í samstæðu	0	157	157
Viðbót á tímabilinu	0	494	494
Selt á tímabilinu	0	(25)	(25)
Afskrifað á tímabilinu	(1)	(404)	(405)
Bókfært verð 31.8.2006	38	4.231	4.269
Heildarverð 31.8.2006	40	8.510	8.550
Afskrifað samtals 31.8.2006	(2)	(4.279)	(4.281)
Bókfært verð 31.8.2006	38	4.231	4.269

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	405
Niðurfærsla langtímakostnaðar og viðskiptavildar sbr. skýringu 12	13
Afskriftir og niðurfærslur samtals	418

Skýringar, frh.:

Áhættufé í félögum

Dótturfélög

14. Dótturfélögin, sem eru öll færð í samstæðureikninginn, eru þessi:

	Eignarhlutur
Bananar ehf., Reykjavík	100%
DBH á Íslandi ehf., Kópavogi	100%
Eignarhaldsfélagið Dagar ehf., Reykjavík	100%
Ferskar kjötvörur ehf., Reykjavík	100%
Íshöfn ehf., Reykjavík	100%
Noron ehf., Reykjavík	100%
Res ehf., Reykjavík	100%

Res ehf., sem félagið keypti í lok febrúar 2006, er hluti af samstæðureikningnum frá 1. mars 2006. Eignarhluturinn í Res ehf. var færður undir liðnum eignarhlutir í félögum í efnahagsreikningi 28. febrúar 2006.

Í byrjun reikningsársins keypti félagið allt hlutafé í Desember ehf. og Íshöfn ehf. og var Desember ehf. sameinað Íshöfn ehf. Rekstur Íshafnar ehf. er innifalinn í samstæðureikningum frá 1. mars 2006.

Í samanburðartölum í rekstrarreikningi undir liðnum aflögð starfsemi er færður rekstur Skeljungs hf. og Trenor AB en félagið seldi eignarhlutina í febrúar 2006.

Birgðir

15. Vörubirgðir sundurliðast þannig:

	31.8.2006	28.2.2006
Matvara	1.703	1.399
Sérvara	1.095	1.135
Vörur í flutningum	142	79
Vörubirgðir samtals	2.940	2.613

Eigið fé

16. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.050 millj. kr. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 35 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á hlutafé.

Skýringar, frh.:

17. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.3.2006	1.015	3.611	2.320	6.946
Tap tímabilsins			(121)	(121)
Eigið fé 31.8.2006	<u>1.015</u>	<u>3.611</u>	<u>2.199</u>	<u>6.825</u>

Víkjandi lán

18. Baugur Group hf. hefur veitt féluginu víkjandi lán að fjárhæð 675 millj. kr. Gjalddagi lánsins er 30. nóvember 2008.

Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattseign

19. Tekjuskattsskatteign og tekjuskattsskuldbinding greinast þannig:

Tekjuskattseign 1.3.2006	170
Yfirtekið í samstæðu	(5)
Tekjuskattur	26
Tekjuskattseign 31.8.2006	<u>191</u>

Langtímaskuldir

20. Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í íslenskum krónum	8.832
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	1.166
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	9.998
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.072)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>8.926</u>

Skammtímaskuldir

21. Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	31.8.2006	28.2.2006
Skuldir við lánastofnanir	1.622	252
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.072	6.085
	<u>2.694</u>	<u>6.337</u>

Skýringar, frh.:

22. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	31.8.2006	28.2.2006
Viðskiptaskuldir	3.977	3.216
Aðrar skammtímaskuldir	1.289	1.404
	<u>5.266</u>	<u>4.620</u>

Afleiðusamningar

23. Félagið hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína. Grunnfjárhæð samninganna var 5.695 millj. kr. í lok tímabilsins og bókfært verð þeirra nam 239 millj. kr. sem fært er til eignar í efnahagsreikningi.

Óvissa

24. Við sölu á Skeljungi hf. í febrúarlok 2006 tók félagið yfir ábyrgð á greiðslum á öllum skaðabótakröfum sem kunna að koma fram frá viðskiptavinum Skeljungs hf. vegna þátttöku félagsins í ólögmætu samráði olíufélaganna. Óvist er um niðurstöðu þessa máls en 50 millj. kr. hafa verið færðar til skuldar í efnahagsreikningi.

Kennitölur

25. Helstu kennitölur samstæðunnar:

	2006	2005
	1.3.-31.8	1.3.-31.8

Rekstur:

Meðalálagning - sala/kostnaðarverð seldra vara	34,0%	26,8%
Framlegð í hlutfalli af sölu	25,4%	21,2%

Efnahagur:

	31.8.2006	28.2.2006
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,0	1,0
Eiginfjárlutfall að teknu tilliti til víkjandi láns - eigið fé og víkjandi lán/heildarfjárm ..	30,8%	28,2%

Innra virði hlutafjár	6,7	6,8
-----------------------------	-----	-----